

## Fundargerð

**Hópur:** Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – níundi fundur.

**Starfsmaður:** Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

**Fundardagur:** 16. janúar 2012

**Tími:** 08:30-10:05

**Fundarstaður:** Kelduskóli - Korpa

### Verkefni og markmið fundar:

- Fara yfir verkefnastöðu hópsins og verk – tímaáætlun uppfærð.

### Petta gerðist:

1. Árný Inga skólastjóri Kelduskóla, sem nú hefur tekið við formennsku í stýrihópnum af Auði Árnýju, sagði frá því sem gerst hefur síðan stýrihópurinn hittist seinast, sem var 9. desember. Eftirfarandi var það helsta:
  - 1. janúar tók Kelduskóli formlega til starfa.
  - 2. og 3. janúar voru haldnir starfsmannafundir þar sem Eyþór Eðvarsson sálfræðingur hjá Þekkingarmiðlun, hélt fyrirlestur um breytingar og Árný Inga sagði frá sínum hugmyndum um skólastarfið í nýjum skóla.
  - 3. janúar fundaði Árný Inga með starfsmannafélögum/skemmtinefndum gömlu skólanna þar sem fjallað var um hópeflisfundi og árshátíð starfsfólks á vorönninni.
  - Í byrjun mánaðarins sendi Árný Inga út upplýsingapóst til foreldra vegna skólastarfsins í Kelduskóla. Hún áætlað að senda slíka pósta út einu sinni í mánuði á vorönninni.
  - 5. janúar var haldinn sameiningarhátíð Kelduskóla þar sem nemendur og foreldrar úr hverfunum báðum heimsóttu starfsstöð hins hverfisins. Þótti hátíðin hafa tekist vel.
2. Árný Inga sagði frá eftirtöldum ákvörðunum sem teknar hafa verið á undanförunum vikum:
  - Þriðjudaginn 24. janúar verður fyrsti starfsmannafundur um framtíðarsýn og stefnumörkun Kelduskóla. Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri mun leiða þá vinnu ásamt skólastjóra en Hrönn mun vinna með stjórnendum á vorönninni við skipulag stefnumótunarvinnu.

- Þriðjudaginn 31. janúar verður haldinn stefnumótunarfundur með foreldrum og starfsfólki en Hrönn Pétursdóttir vinnur með stjórnendum að skipulagi fundarins.
  - Þriðjudaginn 7. febrúar verður haldinn fyrsti hópeflisfundur starfsfólks skólans og er stefnt að því að halda slíka fundi reglulega á vorönninni.
3. Á fundinum var verk – og tímaáætlun stýrihópsins dreift, farið yfir verkefnastöðuna og áætlunin uppfærð. Í yfirferðinni kom eftirfarandi fram:
- Á vorönninni verður mikið unnið í stefnumótun nýs skóla. Viðbúið er að eftir stefnumótunarþingið með foreldrum 31. janúar, verði síðar á önninni aftur fundað með foreldrum. Fulltrúar forelda mæltust til þess að foreldrar ættu einhverja fulltrúa í þeim hópi sem vinnur að skipulagningu stefnumótunarfundarins. Árný Inga tók vel í þær hugmyndir og mun málið verða tekið upp á næsta skólaráðsfundi.
  - Til að fá sem flesta foreldra á stefnumótunarfundinn 31. janúar ætla fulltrúar foreldra í stýrihópnum að funda með bekkjarfulltrúum skólans og ákveða hvernig best sé að hvetja til þátttöku.
  - Á haustönninni mun Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið HÍ vinna með starfsfólki að kennsluháttum skólans. Auður Árný sagði frá því að skólum í sameiningarferlum verði boðin sérstakur þróunarstyrkur og sagði Árný Inga að hluti af þeirri fjárhæð verði varið til vinnunar með Ingvari.
  - Búið er að framlengja ráðningarsamninga við núverandi aðstoðarskólastjóra til 31. Júlí 2012. Stöður aðstoðarskólastjóra verða svo auglýstar næsta sumar.
  - Starfsfólk á skóla – og frístundasviði vinnur að því að senda út tilkynningu um stofnun Kelduskóla, á lykilstofnanir í grenndarsamfélagi skólans.
  - Ráðið verður í stöðu námsráðgjafa við Kelduskóla í vor en eins og er enginn námsráðgjafi í skólanum.
  - Í janúar verður send út spurningakönnun af hálfu frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar til unglunga í félagsmiðstöðvum þeirra skóla í Grafarvogi sem eru í sameiningarferli, þ.á.m. unglunganna í Kelduskóla.
  - Áætlað er að halda fundi með nemendum fljótlega eftir stefnumótunarfundinn með foreldrum.

- Foreldrakönnun verður send út seinna í janúar á úrtök foreldra í öllum grunnskólum borgarinnar. Á fundinum var rætt hvernig best væri að spyrja foreldra í Kelduskóla um flutninga unglinga á síðustu þremur árum úr Korpuskóla í Víkurskóla.
- Símanúmer Korpuskóla og Víkurskóla verða óbreytt út þetta skólaár, en ráðgert er að nýtt sameiginlegt símanúmer Kelduskóla verði tekið í notkun við upphaf næsta skólaárs.
- Heimasíður gömlu skólanna eru enn í fullu gildi. Stjórnendur Kelduskóla munu hafa samband við starfsfólk upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar vegna hönnunar á heimasíðu sameinaðs skóla, [www.kelduskoli.is](http://www.kelduskoli.is).

### **Eftirtaldir ákvarðanir voru teknar:**

- Fulltrúar foreldra munu koma að skipulagningu stefnumótunarfundarins 31. janúar næstkomandi, ásamt stjórnendum skólans og verkefnastjóra.
- Foreldrum verður afhent fundarboð á stefnumótunarfundinn, í foreldraviðtölum sem haldin verða föstudaginn 20. janúar.
- Vegna foreldrakönnunar í grunnskólum borgarinnar 2012, mun starfsfólk tölfræði – og rannsóknþjónustu skóla og frístundasviðs, senda Árnýju Ingu tillögu að sérstökum spurningum til foreldra barna í Kelduskóla.
- Upplýsingapóstur Árnýjar Ingu á vorönninni munu koma í stað þeirra pósta sem Auður Árný sendi foreldrum á haustönninni. Fundargerðir verða settar á netið með sama hætti og áður.
- Í stað þess að stýrihópurinn fundi á 3-4 vikna fresti, verður nú fundað á u.þ.b. sex vikna fresti. Má því búast við því að á vorönninni hittist hópurinn 4-5 sinnum. Næsti fundur hópsins verður þriðjudaginn 6. mars í Kelduskóla – Vík kl. 8.30.

Fundi slitið kl. 10.05

#### *Frá Kelduskóla - Korpu*

Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri  
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra

*Frá þjónustumiðstöðinni Miðgarður*  
Helgi Viborg deildarstjóri

*Frá frístundamiðstöðinni Gufunesbær*  
Þóra Melsted deildarstjóri

#### *Frá Kelduskóla - Vík*

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri  
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsfólks  
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsfólks  
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

#### *Frá Skóla – og frístundasviði*

Auður Árný Stefánsdóttir skrifstofustjóri  
Ásgeir Björgvinsson starfsmaður stýrihóps  
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi